

6. A.

ALÞINGI ÍSLENDINGA SKILDI SINN VITJUNAR-
TÍMA Á ELLEFTU STUNDU.

Það kveður stundum við, að ógæfu Íslendinga verði allt að vopni. Lokabáttur sjálfstæðisbaráttunnar staðfestir þetta ekki. Dvert á móti sýndi hann, að þegar mest reið á, réðist bezt úr fyrir hamingju Íslands. Óglæsilegri ramma getur varla um fagra helgimynd en pólitíska ástandið á Íslandi við endurreisn lýðveldisins. Eigi aðeins hafði Alþingi þeirrar þjóðar, er í nafni þingræðis og lýðræðis krafðist endurheimt til fulls, forns frelsis, leyst sjálft sig upp í innbyrðis fjandsamlega flokka. Ó stað þess að sameinast sem einn maður um sjálfstæðismálið, heldur reis og úlfúðin svo hátt, að þingið sveik sína helgustu skyldu um myndun þingræðisstjórnar. Og eigi aðeins sat þessi árin óþingræðisleg utanþingsstjórn að völdum, heldur skipaði forsæti hennar maður, sem þrátt fyrir vammleysi og heiðarleik í hvívetna, þó hafði sýnt áhugaleysi fyrir endurreisn lýðveldisins, aðeins fáum dögum áður en hann tók við stjórnartaumunum. Ofan á þetta bættist svo, að kunnir utanþingsmenn börðust gegn málinu, og jafnvel sjálft Alþingi lét sundurþykkjuna ná einnig til sjálfstæðismálsins, og logaði þó undir meir en upp úr gaus.

Við þessar ytri aðstæður átti hinn nýji frelsisdagur að renna, eða í þeim að byrgjast um ófyrirsjáanlega framtíð.

Dannig stóðu sakir, þegar Alþingi Íslendinga allt í einu á el-
 elleftu stundu skildi sinn vitjunartíma, felldi niður allan
 ágreining, tók höndum saman um lausn málsins og hóf með því
 sjálft sig úr dýpstu niðurlægingu til fyllstu virðingar.

Og þjóðin lét ekki á sér standa, heldur fylgdi nú svo fast
 á eftir, að þess munu engin dæmi í lýðfrjálsu landi.

Allt er þetta meira ánægjuefni en orð fá lýst. Íslendingum
 tókst á síðustu stundu að sanna, að þeir setja frelsið
 ofar öllu öðru. Þeir sýndu að enda þótt þeir séu sjálfum
 sér sundurþykkir um allt annað, stóð þjóðin nær sem einn
 maður um frelsi sitt. Á þennan glæsileik fellur enginn
 skuggi, þótt vitað sé, að einstaka áhrifamenn reyndu ekki
 að leiða þjóðina til sigurs, heldur létu sjálfir berast
 þangað á vængjum hins sterka og óbiluga þjóðarvilja og
 áhuga.

Séu Íslendingar með nokkrum hætti megnugir að sanna
 umheiminum áhuga sinn og rétt til fulls frelssis og sjálf-
 stæðis, þá gerðu þeir það með einingu Alþingis í sjálfstæðis-
 málinu og hinni eindæma jákvæðu þáttöku sjálfrar þjóðarinnar
 í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Fyrir það eru úrslitin eigi
 aðeins glæsileg heldur og gagnleg. Hitt þurfti aldrei
 að efa, að á Alþingi og með þjóðinni væri alltaf nægur
 meirihluti til að tryggja framgang málsins.

Um lokabátt sjálfstæðismálsins - Kafli úr landsfundarræðu 1945.